



Bókun sveitarstjórnar vegna aðgerða í orkumálum á NA horni.

Sveitarstjórn Langesbyggðar vill koma á framfæri þökkum fyrir auðsýndan vilja til þess að ráðast í umbætur í raforkumálum á Norðausturhorni. Jarðstrengur milli Þórshafnar og Vopnafjarðar mun leysa bráðasta vanda til skemmri tíma, og til lengri tíma mun 132 K.V flutningslína að Langesi gjörbylta atvinnu- og efnahagshorfum svæðisins. Það er ljóst að orkuvinnsla í námunda við línuleið nýrrar háspennulínu mun flýta fyrir þeirri framkvæmd enn frekar. Því hvetur sveitarstjórn umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra til að liðka fyrir uppbyggingu mögulegra orkuverkefna á Norðausturhorni.

Sigurður Þór Guðmundsson
Oddviti sveitarstjórnar Langesbyggðar